



Brunavarnir A-Hún.
Aðalfundur 13. desember 2004

Mánudaginn, 13. desember 2004 var haldinn aðalfundur Brunavarna A-Hún í Félagsheimilinu á Blönduósi kl. 17:30.

Mæting skv. undirskriftum.

Dagskrá:

1. Fundarsetning.
2. Skýrsla formanns og slökkviliðsstjóra.
3. Ársreikningur 2003.
4. Fjárhagsáætlun 2005.
5. Brunavarnaráætlun fyrir starfssvæði Brunavarna A-Hún.
6. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Fundarsetning.

Formaður bauð fundarmenn velkomna til aðalfundur, setti fund og stjórnaði honum. Jóna Fanney Friðriksdóttir var skipuð fundarritari.

2. Skýrsla formanns og slökkviliðsstjóra.

Í forföllum slökkviliðsstjóra flutti formaður, Guðmundur Ingbórsson sameiginlega skýrslu. Greindi hann frá störfum stjórnar á árinu 2003 en haldnir voru alls 2 stjórnarfundir og 2 fundir með oddvitum aðildarsveitarfélaga.

Formaður greindi frá því að styrkur var veittur frá Brunamálastofnun, að upphæð kr. 200.000,- og var styrkurinn nýttur til námskeiðs fyrir slökkviliðsmann í Svíþjóð. Einnig veitti Brunamálastofnun styrk til skýrslugerðar vegna mengunarslysaviðbragða, kr. 300.000,- Á árinu var jafnframt undirritaður samningur við Óstækni ehf. vegna brunavarnaráætlunar. Greindi formaður frá slysi slökkviliðsmanns sem var við störf við urðunarsvæðið í Draugagili.

Fram var lögð greinargerð slökkviliðsstjóra vegna ársins 2003. Útköll frá áramótum voru tvö vegna bruna og tvö vegna bílsslysa.

3. Ársreikningur 2003.

Ársreikningurinn lagður fram til kynningar og afgreiðslu. Ágúst Þór Bragason fylgdi honum úr hlaði. Tekjur ársins 2003 nema kr. 1.746.025,- þar af er seld þjónusta 1.266.177 og aðrar tekjur 479.848,-. Rekstrargjöld nema kr. 9.249.125,- Fjármagnsliðir nema kr. 3.110,-. Framlög aðildarsveitarfélaga neme kr. 6.594.000,- Rekstrarniðurstaða ársins 2003 hljóðar uppá taprekstur kr. 905.990,-.

Umræða varð um fastafjármuni Brunavarna sem færðir eru í eignasjóðum sveitarfélaganna og ekki koma fram í ársreikningi. Fundarmenn sammála um að óska skýringa á eignarhlut sveitarfélaganna í næsta ársreikningi.

Að loknum umræðum var reikningurinn borinn undir atkvæði og samþykktur samhljóða.

4. Fjárhagsáætlun 2005.

Á fundi stjórnar Brunavarna hinn 1. desember sl. var drögum að fjárhagsáætlun vísað til aðalfundarins. Gert er ráð fyrir að framlög aðildarsveitarfélaga nemi 9.291.000,-, aðrar tekjur nemi kr 900.000,- og rekstrargjöld 10.191.000,-. Þar af er gert ráð fyrir búnaði að upphæð 1.970.000,-.

Áætlunin var borin undir atkvæði og var hún samþykkt samhljóða. Þess skal getið að launakostnaður var samþykktur með fyrirvara þar sem ekki liggur fyrir samningur milli LN og LSS. Fjárhagsáætlun verður endurskoðuð m.t.t. þessa þegar samningur liggur fyrir.

5. Brunavarnaráætlun fyrir starfssvæði Brunavarna A-Hún.

Fram var lögð brunavarnaráætlun fyrir svæðið en á vinnufundi hinn 17. mars sl. var farið yfir síðustu drög að áætluninni. Í kjölfarið var aðildarsveitarfélögum send endanleg drög að brunavarnaáætlun til yfirlestrar.

Brunavarnaráætlunin var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða. Að því loknu var hún undirrituð að fulltrúum aðildarsveitarfélaganna.

6. Önnur mál voru engin.

Guðmundur Ingþórsson (sign.)

Jón B. Bjarnason (sign.)

Erlendur G. Eysteinnsson (sign.)

Jóhann Guðmundsson (sign.)

Björn Magnússon (sign.)

Tryggvi Jónsson (sign.)

Valgarður Hilmarsson

Ágúst Þór Bragason

Jóhanna G. Jónasdóttir

Þórdís Hjálmarsdóttir

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:20.

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)